

## Rannsóknasjóður Vegagerðarinnar

Ásdís Guðmundsdóttir  
Deildarstjóri rannsókna og þróunar  
Vegagerðinni

### Inngangur


Hér á landi er ekki til sérstök samgöngurannsóknarstofnun, rannsóknir í samgöngumálum eru skipulagðar og fjármagnaðar af stofnunum í hverjum samgöngugeira fyrir sig. Rannsóknirnar eru framkvæmdar af stofnunum sjálfum, af háskólum, ráðgjöfum, rannsóknarstofnunum eða öðrum. Í um 30 ár hefur verið ákvæði í vegalögum um að hluta af tekjum Vegagerðarinnar skuli varið til rannsókna. Allt til ársins 1994 var gert ráð fyrir að 0,5% af mörkuðum tekjum til vegagerðar skuli varið til rannsókna og tilrauna í vegagerð. Með nýjum vegalögum frá 1994 var þessi upphæð hækkuð í 1%. Rannsóknar- og þróunardeild var stofnuð og færðist umsjón með rannsóknarstarfinu yfir á hana. Árið 1999 varð rannsóknir- og þróun deild á nýstofnuðu Þróunarsviði. Þær rannsóknir sem kynntar eru á ráðstefnunni eru allar fjármagnaðar að hluta eða öllu með umræddu rannsókarfé.

### Skipting fjármagns til rannsókna 1995 - 2003

Verkefnisstjórn árið 2003 er í höndum utanaðkomandi ráðgjafa í 43% tilvika, háskólar eru með 21%, rannsóknarstofnanir með 12% og Vegagerðin með 24%. Þó er verkefnisstjóri oft á tíðum frá Vegagerðinni en verkefnið unnin utan stofnunar. Ef þróunin er skoðuð frá árinu 1995, þá hefur hlutfall Vegagerðarinnar og rannsóknarstofnana minnkað, en hlutfall háskóla og ráðgjafa aukist.

### Umsóknir og úthlutanir

Mikil aukning hefur orðið á fjölda umsókna og árið 2003 voru umsóknir 40% fleiri en árið 2001. Umsóknarupphæðir voru um 30% hærri árið 2003 en árið 2001. Eins og sjá má á myndinni, þá hafa úthlutanir ekki hækkað að sama skapi.



## Framtíðin

Þessi aukning á umsóknum og takmarkað fjármagn til ráðstöfunar, hefur beint sjónum okkar enn frekar að leiðum til að nýta þetta takmarkaða fjármagn betur. Dæmi um atriði sem skoðuð verða betur í nánustu framtíð er eftirfarandi:

- Rannsóknarstefna
  - Með takmörkuðum fjárveitingum til rannsókna verður mikilvægt að stefna rannsóknum í ákveðna átt til að byggja upp þekkingu sem er mikilvæg fyrir þróun vegakerfisins. Á næsta ári verður væntanlega sett fram stefna fyrir rannsóknir sem fjármagnaðar eru af rannsóknarfé Vegagerðarinnar.
- Nýtt umsóknareyðublað
  - Nýtt umsóknareyðublað, sem umsækjendur munu fylla út á netinu, er í þróun. Þar eð umsvif hafa aukist er mikilvægt að einfalda umsjón með öllum þeim umsóknum sem berast Vegagerðinni um styrki til rannsókna. Auknar kröfur um aðgengi að upplýsingum og ýmsar úttektir sem Vegagerðin þarf að taka þátt í varðandi rannsóknarstarf, bæði innlendar og erlendar, munu hafa í för með sér að nýtt umsóknareyðublað verður ítarlegra en hið fyrra. Jafnframt er gert ráð fyrir að umsóknarferli og mat á umsóknum muni verða gegnsærra með þessu móti.
- Útgáfa og miðlun
  - Útgáfa og miðlun hefur fengið meira vægi undanfarin ár. Útgáfa á rannsóknarskýrslum er mikilvægur þáttur og eru skýrslur birtar á heimasíðu Vegagerðarinnar. Miðlun fer fram með ýmsu öðru móti, m.a. með árlegri ráðstefnu um rannsóknir Vegagerðarinnar sem nú er haldin í annað sinn. Verið er að skoða leiðir til að samræma betur útlit og uppbyggingu á skýrslum þar sem það á við. Með nýju umsóknarferli verður einnig auðveldara að halda utan um útgáfu og skil á skýrslum. Skoða þarf fleiri leiðir í miðlun og vettvang til umræðna um rannsóknastarf í vegagerð.
- Innleiðing rannsóknarniðurstaðna
  - Innleiðing rannsóknarniðurstaðna er mikilvæg og er í raun endatakmarkið með rannsóknarstarfi. Gera þarf ráð fyrir skipulagningu og fjármögnun á innleiðingu rannsóknarniðurstaðna í upphafi.
- Mat á rannsóknum
  - Skoða þarf leiðir til að meta þær rannsóknir sem fjármagnaðar eru af Vegagerðinni og hvernig tekst að innleiða rannsóknarniðurstöður.